



**Vorfundur Brunavarna Árnessýslu bs.  
haldinn á Hótel Örk í Hveragerði 28. apríl 2025 kl. 14:00.**

**Dagskrá aukaaðalfundar að vori (vorfundur).**

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, Unna Björg Ögmundsdóttir og Lárus Kristinn Guðmundsson koma á fundinn.

**1. Fundarsetning**

Helgi Kjartansson formaður BÁ setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar.

**2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Lagt er til að Helgi Kjartansson verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

**3. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs**

Helgi flytur skýrslu stjórnar en eins og fram kemur í fundargerðum BÁ hefur mikil vinna farið í að huga að undirbúningi á byggingu á aðstöðu fyrir brunavarnir á Laugarvatni og á Flúðum.

**4. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar**

Helgi fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 24. frá 18. desember nr. 25 frá 12. febrúar og nr. 26 frá 14. mars og eru þær lagðar fram til kynningar.

**5. Ársreikningur síðasta rekstrarárs**

Pétur fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Til máls tekur auk formanns Arnar Freyr Ólafsson.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

Að lokum fer Pétur yfir fjölda útkalla á stöðvar en útköllin voru 354 og flest vegna elds. Það eru fjölmörg og fjölbreytt útköll sem fulltrúar frá brunavörnum eru að sinna þetta er ekki lengur einungis slökkvilið.

#### **6. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs**

Pétur fer yfir tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2025 vegna samþykktra kjarasamninga við slökkviliðsmenn.

*Brunavarnir Árnessýslu óskar eftir viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2025 kr. 51.656.000,- er það tilkomið vegna samþykktra kjarasamninga við slökkviliðsmenn. Kjarasamningurinn var afturvirkur og nam sá kostnaður rétt tæpum 15. milljónum króna og hafa þeir fjármunir þegar verið greiddir út til starfsmanna af handbæru fé.*

Til máls tekur auk formanns Jón Bjarnason.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2025 er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða. Viðaukinn verður sendur til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.

#### **7. Staða mála vegna uppbyggingar slökkvistöðva á Laugarvatni og á Flúðum**

Pétur segir frá stöðu á byggingu slökkvistöðvar á Laugarvatni, en starfsemin er flutt í húsnæðið, hann hvetur stjórnarmenn til að koma og skoða húsnæðið.

Einnig ræðir hann um slökkvistöðina á Flúðum en Hrunamannahreppur leggur til lóð undir slökkvistöðina og er staðsetningin talin vera mjög góð. Verið er að leita tilboða í sökkla, plötu, reisingu á húsinu og ýmsan frágang. Skemman sjálf kemur á verkstað um miðjan ágúst. Áætlað að flytja starfsemi BÁ inn fyrir áramót.

Til máls taka auk formanns Ari Björn Thorarensen og Jón Bjarnason.

#### **8. Lántaka vegna fjárfestinga ársins 2025**

Vorfundur Brunavarna Árnessýslu bs. haldinn í Hveragerði 28. apríl 2025 samþykkir að fela slökkviliðsstjóra og stjórn Brunavarna að vinna að fjármögnun fyrir fjárfestingum ársins 2025 eins og gert er ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun að upphæð 180 milljónum króna. Fjárfestingar ársins samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun eru tankbifreið fyrir stöðina í Þorlákshöfn fyrir 30 milljónir króna og fyrir bíla- og tækjageymslur á Flúðum fyrir 150 milljónir króna. Þegar lánakjör m.m. liggja fyrir verða þau send á aðildarsveitarfélög Brunavarna Árnessýslu til samþykktar.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson og Árni Eiríksson.

Lántaka vegna fjárfestinga ársins 2025 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Beiðni um lántöku verður send aðildarsveitarfélögum til staðfestingar.

## **9. Slökkvistöðvarmál á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi**

Pétur ræðir um slökkvistöð á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Það er gríðarlegur fjöldi sumarhúsa á svæðinu, því er mikilvægt að viðbragðstími sé stuttur ef eitthvað kemur upp á. Í dag getur það tekið dagóðan tíma að komast á staðinn frá útkallsstöðvum.

Fer hann yfir útkallseiningar sem unnið er út frá varðandi útkallstíma. En útkallseining er sá mannaflí slökkviliðs ásamt búnaði sem bregst við eftir boðum sem fyrsta viðbragð. Viðbragðstími er heldur lengri eftir dagvinnutíma en það eru oftast útköll eftir dagvinnu. Pétur fer yfir hvernig húsnæði væri æskilegt að hafa á þessum stað ásamt tillögu að staðsetningu á slökkvistöð við Borg. Sveitarfélagið mun byggja húsið og leigja Brunavörnum Árnessýslu.

Fer hann yfir hvað þarf að hafa til að þessi slökkvistöð geti orðið virk. Það þarf 5 - 7 slökkviliðsmenn í hlutastarf, slökkvibíl, en í dag er varabíll sem er staðsettur á Laugarvatni og myndi nýtast á þessa stöð, reykköfunartæki, búnað í dælubíl, eldgalla, hjálma og persónulegan búnað. Mikið af þessum búnaði er nú þegar til hjá slökkviliðinu. Einnig þarf að þjálfar menn en þeir sjá fyrir sér að það séu aðilar tilbúnir að vera á útkallslista á svæðinu.

Pétur sér fyrir sér að stöðin verði í sama stíl og slökkvistöðin á Laugarvatni.

Til máls taka auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson, Árni Eiríksson, Haraldur Þór Jónsson, Bragi Bjarnason, Jón Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Gestur Þór Kristjánsson.

Árni Eiríksson leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun vorfundar Brunavarna Árnessýslu um slökkvistöð á Borg:

*Vorfundur Brunavarna Árnessýslu bs. samþykkir að undirbúa rekstur slökkvistöðvar á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarfélagið hyggst byggja u.þ.b. 200 m<sup>2</sup> hús yfir starfseminu sem Brunavarnir Árnessýslu bs. kæmu til með að leigja. Gerður verður sérstakur samningur um afnot af húsnæðinu með möguleika á kaupum í framtíðinni. Búnaður sem þarf í stöðina svo hún teljist starfhæf er að mestu til hjá Brunavörnum svo ekki kemur til verulegs kostnaðar í tækjakaupum. Mannskap þarf að þjálfar en það fellur að miklu leiti vel að annarri þjálfun sem*

*alltaf er í gangi hjá Brunavörnum í takt við gildandi reglugerðir. Stjórn Brunavarna og fulltrúum sveitarfélagsins er falið að vinna að gerð leigusamnings með það að markmiði að húsið verði tekið í notkun á árinu 2026. Leigusamningur verður lagður fyrir aðalfund 2025.*

Tillag um að byggja slökkvistöð að Borg í Grímsnesi er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### **10. Kostnaðarskipting Brunavarna Árnesinga bs.**

Pétur G. Markan bæjarstjóri í Hveragerði kemur inn á fundinn og fer yfir starf vinnuhóps um greiningu á kostnaðarskiptingu við rekstur Brunavarna Árnessýslu. Haldnir voru fjórir fundir og voru fengnir með í verkefnið Guðjón Bragason, lögfræðingur og Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri. Milli funda vinnuhópsins var þriggja manna vinnuteymi sem vann með ráðgjöfum.

Markmið verkefnisins var að skoða mögulegar leiðir í kostnaðarskiptingu Brunavarna Árnessýslu. Í dag er það þannig að sveitarfélögin greiða framlag til að standa undir rekstrinum 70% miðað við brunabótamat og 30% miðað við íbúafjölda.

Fer hann yfir forsendur sem stuðst er við, íbúaspá og spá um brunabótamat ásamt samanburði á valkostum og sýnir fimm mismunda útfærslur á kostnaðarskiptingu og ályktun um útreikninga. Það er erfitt að segja til um hvaða leið er sanngjörnst, en breytingar þurfa að hafa skýr markmið ef samstaða á að nást.

Ræðir hann um óvissupætti t.d. þegar þéttbýli á starfssvæðinu nær 15.000 íbúum.

Við þá íbúatölu þarf að hafa sólarhringsvakt hjá brunavörnum miðað við núverandi löggjöf. Selfoss mun líklega ná þeim íbúafjölda á næstu 7-12 árum. Hafa ber í huga að hluti svæðisins myndi hafa ávinning af því þegar að sólarhringsvakt yrði komið á.

Reikniregla í dag gæti orðið ósanngjörn eftir nokkur ár. Fer hann yfir kostnað og skipihlutföll sveitarfélaga síðust ár.

Það var umræða um hvort að skiptingin ætti að vera 70/30 eða 60/40. Meirihluti fulltrúa vildu hafa áfram núverandi skiptingu og töldu að breytt skiptahlutfall myndi skila litlum ávinningi.

Starfshópurinn er sammála um að skiptihlutfall verði innan tiltölulegra fátíðra ára að breytast. Það er einnig í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga að teknar verði upp viðræður við ríkið um stuðning við gerð og framkvæmd brunavarnaáætlana. Það væri eðlilegt að tekjur ríkisins af byggingaröryggisgjaldi rynni til verkefna í aðgerðaáætlun um aukið brunaöryggi.

Til máls taka auk formans Haraldur Þór Jónsson, Árni Eiríksson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Ari Björn Thorarensen, Bragi Bjarnason, Pétur Pétursson, Pétur G. Markan og Jón Bjarnason.

Fundurinn þakkar vinnuhópnum fyrir góða vinnu.

Lögð er fram tillaga að bókun um kostnaðarskiptingu Brunavarna Árnæssýslu:

*Í kjölfar vinnu starfshóps um kostnaðarskiptingu Brunavarna Árnæssýslu er lagt til á vörfundum Brunavarna Árnæssýslu, þann 28.apríl 2025, að kostnaðarskiptingin haldist óbreytt áfram. Það þarf þó að horfa til þess að á næstu árum þurfi að endurskoða kostnaðarskiptinguna áður en Selfoss nær 15.000 íbúa viðmiði og setja þarf upp sólarhringsvakt á starfstöð Brunavarna á Selfossi.*

Tillagan er borin undir atkvæði og er samþykkt með meirihluta atkvæði einn fulltrúi er á móti.

## 11. Önnur mál

Engin mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg  
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg  
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð  
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Árni Eiríksson, Flóahreppur  
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði  
Halldór Benjamín Hreinsson, Hveragerði  
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði  
Hrönn Guðmundsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus  
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari